

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

74. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2023 var haldinn föstudaginn 30. júní 2023 kl. 10:00 á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir, Helga Björg Helgadóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- Samningur um aðstöðunotkun FSRV og Rangárþings ytra
Framkvæmdastjóri kynnti samning um skrifstofuhúsnæði á Hellu.
Stjórn samþykkir samninginn.
- Reglur um fjárhagsaðstoð
Framkvæmdastjóri kynnti uppfærðar reglur um fjárhagsaðstoð.
Stjórn staðfestir reglurnar.
- Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning
Framkvæmdastjóri kynnti uppfærðar reglur um húsnæðisstuðning.
Stjórn staðfestir reglurnar.
- Stuðningsþjónusta 18 ára og eldri
Framkvæmdastjóri kynnti uppfærðar reglur um stuðningsþjónustu.
Stjórn staðfestir reglurnar.
- Reglur fyrir starfsmenn í stoð- og stuðningsþjónustu
Framkvæmdastjóri kynnti uppfærðar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu.
Stjórn staðfestir reglurnar.
- Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra
Framkvæmdastjóri kynnti uppfærðar reglur um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
Stjórn staðfestir reglurnar.
- Gjaldskrá vegna greidds lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum
Framkvæmdastjóri kynnti drög að gjaldskrá vegna greiðslu lögmannsþjónustu í barnaverndarmálum hjá FSRV sem miðar að viðmiðunartímagjaldi 20.500 kr.
Stjórn staðfestir gjaldskrána.

8. Erindi til stjórnar vegna bakvaktargreiðslna

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að fyrirkomulagi bakvaktargreiðslna starfsmanna barnaverndarþjónustu. Tillagan miðar að því að greiddar verði 60 þús. kr. fyrir hverja bakvaktarviku. Innihaldi bakvaktarvika einn rauðan dag muni greiðslur fara upp í 80 þús.kr. beri tvo eða fleiri rauða daga upp á bakvaktarviku muni greiðsla fyrir þá viku verða 100 þús. kr. Þá muni frítökuréttur haldast óbreyttur eða 10 dagar fyrir eitt ár.

Stjórn samþykkir tillöguna og að breytt fyrirkomulag taki gildi frá og með 1. júlí.

9. Starfs- og námsráðgjafi

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að auglýst verði staða starfs- og námsráðgjafa á vegum FSRV.

Stjórn samþykkir tillöguna.

10. Önnur mál

- Rætt um erindi frá Félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu sem byggðaráð Rangárbings ytra vísaði til umfjöllunar í stjórn FSRV.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna með hvaða hætti FSRV gæti átt aðkomu að verkefninu og hvernig fjármögnun þess yrði háttað.

- Rætt var um sérdeild og með hvaða hætti væri hægt að tryggja þjónustuna til frambúðar. Framkvæmdastjóri upplýsti að þeir nemendur sem þegar höfðu fengið samþykkt í Setrinu héldu sínu plássi. Rætt hefur verið að skólastjórnendur og teymisstjóri skólalþjónustu fái kynningu á Bjarginu í Þorlákshöfn og að kannaður verði möguleikinn á svipuðu úrræði á starfssvæði FSRV. Lagt til að stjórn og fulltrúar fræðslunefnda sveitarfélaganna verði líka gert kleift að sitja kynninguna.

- Rætt um fund stjórnar í júlí.

Samþykkt að reglulegur fundur í júlí verði felldur niður. Næsti reglulegi fundur er áætlaður 28. ágúst.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 10:48